# Háskóli Íslands – staða og stefna

13. október 2021

Jón Atli Benediktsson, rektor

# Dagskrá

1. Nýliðnir viðburðir og mál á döfinni
2. 110 ára afmæli Háskóla Íslands
2. Húsnæðis- og skipulagsmál
3. Alþjóðleg staða
4. Stefna Háskóla Íslands 2021-2026 (HÍ26)

# Nýliðnir viðburðir og mál á döfinni



# Háskólalífið að komast í eðlilegt horf – langþráðir nýnemadagar á háskólalóðinni




HÍ hlaut grænfánann

# Móttaka erlendra nemenda






# COVID-19: QR-kóði innleiddur í kennslurýmum

# Vatnstjón í upphafi árs





## Eftirmálar vatnsflóðs aðfararnótt 21. janúar

- Gríðarlegt tjón, mikið starf að þurrka öll rými
- Óháðir matsmenn meta orsakir og umfang tjónsins
- Háskólinn vonast eftir góðu samstarfi við Veitur o.fl. hagsmunaaðila sem og tryggingafélög þeirra svo meiriháttar framkvæmdir geti hafist sem fyrst

# Traust til stofnana






**TRAUST TIL STOFNANA**
**Í FEBRÚAR 2021**

# Stjórnmálaflokkar í heimsókn í aðdraganda Alþingiskosninga









HÍ



# Nýtt rannsóknasetur HÍ á Breiðdalsvík

- Rannsóknasetur HÍ á Breiðdalsvík var formlega opnað á þjóðhátíðardaginn 17. júní
- Við sama tækifæri var undirritaður samstarfssamningur milli setursins og Fjarðarbyggðar
- Markmiðið er að efla þekkingar- og rannsóknastarf í landsfjórðungnum
- HÍ starfrækir nú 10 rannsóknasetur um allt land


HÍ
Skýrsla ytri matshóps vegna úttektar á HÍ nýbirt

## Meginniðurstöður

- Traustsyfirlýsing um gæði prófgráða:

  *Úttektarhópurinn ber traust til núverandi starfshátta og getu Háskóla Íslands til að tryggja gæði þeirra prófgráða sem hann veitir, í nútíð og til nánustu framtíðar*

- Traustsyfirlýsing um gæði námsumhverfis:

  *Úttektarhópurinn ber traust til starfshátta og getu Háskóla Íslands til að tryggja gæði þess námsumhverfis sem hann býður nemendum sínum, í nútíð og til nánustu framtíðar*

# Markvisst unnið að umbótaáætlun um málefni stundakennara



# Skilagrein starfshóps um málefni HHÍ



# Endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna á lokastigi

- Í samræmi við stefnu HÍ er áhersla lögð á að matskerfið endurspegli þá áherslu að störf háskólafólks verði metin á fjölbreyttan hátt og að tekið sé tillit til mismunandi birtingarhefða fræðasviða
- Við endurskoðunina var sérstaklega leitast við að auka gagnsæi kerfisins og sanngirni matsins
- Lögð var áhersla á að skýra betur hvað ræður mati þegar um matsbil er að ræða í kerfinu eða eftir atvikum að fækka slíkum bilum

# 110 ára afmæli Háskóla Íslands



- Háskóli Íslands var stofnaður á Alþingi 17. júní 1911 á 100 ára afmælisdegi Jóns Sigurðssonar
- Skólinn hafði aðsetur í þinghúsinu í 29 ár þar til Aðalbygging var vígð 1940
- Kennsla hófst 2. október á fyrstu hæð Alþingishússins þar sem nú eru þingflokksherbergi
- Fyrstu deildir Háskólans voru Guðfræðideild, Heimspekideild, Lagadeild og Læknadeild





Hátíðarsamkoma í Hátíðasal 17. júní sl.


110 ára afmæli
Háskóla Íslands



# Anna Stefánsdóttir kjörin heiðursdoktor við Hjúkrunarfræðideild 24. ágúst sl.


Heiðursdoktor
við Hjúkrunarfræðideild
Háskóla Íslands
Anna Stefánsdóttir
24. ágúst 2021
HÍ




# Lars Lönnroth kjörinn heiðursdoktor frá Íslensku- og menningardeild 23. sept. sl.


HÍ
FACULTAS STUDIORUM
ISLANDICORUM ET CULTURALIUM
COLLEGII LITTERARUM HUMANIORUM
UNIVERSITATIS ISLANDIAE
EX AUCTORITATE SIBI LEGIBUS DELATA
ET
COLLEGIO ACADEMICO CONSENTIENTE
IN VIRUM DOCTISSIMUM
LARS LÖNNROTH
SUMMOS IN LITTERIS HUMANIORIBUS HONORES
CONFERT
ET
PHILOSOPHIAE DOCTOREM
IN LITTERIS ISLANDICIS
HONORIS CAUSA RITE CREATUM PRONUNTIAT
QUOD HIS LITTERIS SIGILLO UNIVERSITATIS MUNITIS TESTAMUR
REYKIAVICAE DIE XXIII MENSIS SEPTEMBERIS ANNO DOMINI MMXXI
DECANUS
COLLEGII LITTERARUM HUMANIORUM
UNIVERSITATIS ISLANDIAE
RECTOR
UNIVERSITATIS ISLANDIAE



# Markús Sigurbjörnsson kjörinn heiðursdoktor frá Lagadeild 6. okt. sl.


Heiðursdoktorsnafnbót
Markús Sigurbjörnsson
hinn 6. október 2021
Veiting
heiðursdoktorsnafnbótar
Markús Sigurbjörnsson
fv. hæstaréttardómari og forseti
Miðvikudaginn 6. október 2021
Hátíðasal í Aðalbyggingu

# Hátíðarfundur háskólaráðs í Alþingishúsinu 7. okt.





- Fundur háskólaráðs 7. október sl. fór fram í fundarherbergi forsætisnefndar þar sem áður var kennarastofa Háskóla Íslands



# Önnur tímamót

- Háskólabíó 60 ára. Húsið var vígt á hálfrar aldar afmæli Háskóla Íslands 1961
- 25 ára afmælishátíð námsbrautar í ljósmóðurfræði 15. október nk.
- Jafnframt samþykkti háskólaráð á fundi sínum 7. október sl. að heiti Hjúkrunarfræðideildar verði breytt í Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild



# Húsnæðis- og skipulagsmál

# Háskóli Íslands – heildarskipulag og framtíðarsýn

- Samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar og HÍ um heildarskipulag háskólasvæðisins og samþættingu Borgarlínu
- Gert ráð fyrir þremur viðkomustöðum Borgarlínu á svæði HÍ
- Fellur afar vel að áherslum HÍ26
- Verður kynnt ítarlega á næstunni






# Framkvæmdir við Gamla Garð á lokametrunum



## Hús íslenskunnar

- Hornsteinn lagður að nýju Húsi íslenskunnar 21. apríl sl.
- 50 ár liðin frá afhendingu fyrstu handritanna
- HÍ á þriðjung hússins og mun það m.a. hýsa Íslensku- og menningardeild og íslenskuna á Menntavísindasviði
- Áformað er að taka húsið í notkun 2023

# Viljayfirlýsing um framtíðarhúsnæði Menntavísindasviðs undirrituð á ársfundi HÍ 2020





# Beðið ákvörðunar um framtíð Hótels Sögu

HÍ

# Nýr Landspítali og sameiginlegt heilbrigðisvísindahús





# Gróska – sköpun framtíðarstarfa fyrir þekkingarsamfélag



# Alþjóðleg staða

# Erlendir sendiherrar heimsækja HÍ



# Erlendir sendiherrar heimsækja HÍ



# Heimsókn menntamálanefndar færeyska þingsins



# U-Multirank 2021

- HÍ meðal fremstu 25 háskóla í heiminum á sviði sameiginlegra alþjóðlegra birtinga (international joint publications) skv. nýjum matslista U-Multirank

- Frábær árangur HÍ og mikil viðurkenning



# Times Higher Education

- HÍ er í 151.-175. sæti yfir bestu háskóla heims á sviði lífvísinda og í hópi 250 bestu á sviði raunvísinda skv. nýjum matslistum tímaritsins Times Higher Education
- HÍ er ennfremur í sæti 201-250 í verkfræði og tækni
- Skólinn er einnig í 250.-300. sæti á sviði sálfræði
- Í hópi 500 bestu innan klínískra heilbrigðisvísinda
- HÍ er eini háskólinn á Íslandi sem kemst á þessa lista

# Staða HÍ á listum yfir einstök fagsvið

## Háskólum á heimsvísu raðað eftir árangri skv. skilgreindum mælikvörðum í rannsóknum og kennslu

### THE Subject Rankings 2021/22 (kynntur 2020/21)

| | |
|---|---|
| **151.-175.** | • Lífvísindi |
| **201.-250.** | • Raunvísindi<br>• Verkfræði og tækni |
| **251.-300.** | • Félagsfræði<br>• Hugvísindi<br>• Menntavísindi<br>• Sálfræði |
| **401.-500.** | • Klínísk heilbrigðisvísindi<br>• Viðskipti og hagfræði |

### ARWU Subject Rankings 2021

| | |
|---|---|
| **7.** | • Fjarkönnun |
| **45.** | • Rafmagns- og tövuverkfr. |
| **51.-75.** | • Hjúkrunarfræði |
| **101.-150.** | • Jarðvísindi |
| **151.-200.** | • Líffræði |
| **201.-300.** | • Ferðamálafræði<br>• Landfræði<br>• Líffræði mannsins<br>• Lýðheilsuvísindi<br>• Stjórnmálafræði |
| **301.-400.** | • Loftslagsvísindi |
| **401.-500.** | • Klínísk læknisfræði<br>• Sálfræði<br>• Vistfræði |

### Fjöldi lista sem HÍ er á





# AURORA – Samstarfsnet evrópskra háskóla

# AURORA

- Samstarfsnet stofnað 2016
- Samfélag 11 háskóla í Evrópu auk öflugra samstarfsaðila um heim allan
- Háskóli Íslands í forystuhlutverki
- Áhersla á samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni
- Þrýstiafl í evrópskri stefnumótun
- **Vaxandi samstarfsvettvangur sem styður við HÍ26 með margvíslegum hætti**



HÍ

AURORA

# Stuðningur frá ESB

- Aurora er nú **leiðandi í þróun háskólamála í Evrópu** sem hluti af *European Universities Initiative* síðan 2020

- **Gríðarleg tækifæri** fólgin í þessu fyrir Aurora og Háskóla Íslands
    - Fjárhagslegur stuðningur
    - Alþjóðlegur sýnileiki
    - Ný sóknarfæri fyrir HÍ
    - Ný tækifæri til alþjóðlegs samstarfs fyrir nemendur og starfsfólk HÍ



HÍ

# Markmið Aurora



- Þróa lykilhæfni nemenda til **samfélagslegrar nýsköpunar** og getu til að takast á við áskoranir í gegnum:
  - Aukið **þverfræðilegt** samstarf
  - Fjölgun **sameiginlegra** námskeiða og námsleiða
  - Sköpun nýrra tækifæri til **skiptináms og alþjóðlegrar reynslu**
  - Meiri og sýnilegri áherslu á **sjálfbærni og heimsmarkmiðin** í námi, rannsóknum og rekstri
- Bæta stuðning við rannsakendur með því að:
  - Gera þeim kleift að **nýta alla rannsóknarinnviði og rannsóknagögn Aurora háskóla**
  - Bjóða upp á **sameiginlega þjálfun,** með áherslu á þarfir doktorsnema og nýdoktora



# Stefna Háskóla Íslands 2021-2026 (HÍ26)

# HÍ21


HÁSKÓLI Í FREMSTU RÖÐ
RANNSÓKNIR
DRIFKRAFTUR NÝRRAR ÞEKKINGAR
NÁM OG KENNSLA
UNDIRSTAÐA FARSÆLDAR OG FRAMFARA
VIRK ÞÁTTTAKA
Í SAMFÉLAGI OG ATVINNULÍFI
MANNAUÐUR
FJÁRMÖGNUN



# Betri háskóli betra samfélag

STEFNA 2021-2026 (HÍ26)

# Stefnumótunarferlið

- Stýrihópur starfaði í umboði rektors. Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslumála og þróunar, var formaður
- Áhersla á notkun fyrirliggjandi gagna, m.a. sjálfsmat deilda, starfsumhverfiskannanir, kannanir meðal nemenda, stefnu Vísinda- og tækniráðs og stefnu European Universities Association
- Víðtækt samráð allt stefnumótunarferlið. Reglulegar kynningar fyrir háskólaráði og drög kynnt fyrir fræðasviðsforsetum, miðlægum sviðsstjórum, Stúdentaráði, deildarforsetum, sviðsráðum og fleirum

**Framtíðarsýn HÍ26**

Betri háskóli – betra samfélag

Skólinn skapar opið og fjölbreytt umhverfi náms og rannsókna, hann er í sterku sambandi við meginstoðir samfélagsins og í víðtæku samstarfi við háskóla og þekkingarsetur um allan heim

Með því að tryggja óskorað traust byggt á gæðum, jafnrétti og sjálfbærni á öllum sviðum getur Háskólinn rækt forystuhlutverk sitt í þekkingarsköpun fyrir samfélagið

# Leiðarljós HÍ 26

HÍ

## Gæði

Við tryggjum gæði á öllum sviðum starfsins til að styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni í kennslu og rannsóknum

## Snerpa

Við ryðjum hindrunum í samstarfi úr vegi og tökum frumkvæði til að mæta breytingum og áskorunum innan skólans og í samfélaginu

## Traust

Við erum ábyrg og meðvituð um samfélagslegt mikilvægi skólans sem laðar að starfsfólk og nemendur með fjölbreyttan bakgrunn

# Byggt á styrkum stoðum

- Í síðustu stefnu skólans, HÍ21, voru stigin mikilvæg skref til að þróa kennsluhætti, auka stuðning við rannsóknir, upplýsingatæknivæða starfsemina, efla gæðamenningu, styðja við mannauð og auðga samstarf við samfélagið.
- Yfir hundrað umbótaverkefnum var hrundið af stað og er mikilvægt að þróun þeirra sé haldið áfram.

# Áherslur í starfi skólans 2021-2026

HÍ




Við eigum samstarf þvert á einingar skólans og í frjóu samtali og samstarfi við samfélag, atvinnulíf og háskóla um heim allan

Við erum fjölbreyttur hópur starfsfólks og nemenda sem leggur áherslu á að nám og rannsóknir mæti þörfum íslensks samfélags og atvinnulífs og stuðli að sjálfbærum heimi

Með áherslu á gæði og stöðugar umbætur í öllu okkar starfi rækjum við af ábyrgð hlutverk okkar sem drifkraftur framfara

Við byggjum upp trausta innviði sem styðja við alla starfsemi skólans og gera nemendum og starfsfólki kleift að blómstra

HÍ




## HÍ í nýjum búningi

HÍ merki blátt

Háskóli Íslands merki blátt / Wide